

Samkomulag

um friðun Hringvegar, þjóðvegur nr. 1, frá Jökulsá á Sólheimasandi að Vík, í Mýrdalshreppi, fyrir ágangi búfjár.

Vegagerðin, kt. 680269-2899, og Mýrdalshreppur, kt. 461283-0399, gera með sér eftirfarandi samkomulag um friðun á vegsvæði Hringvegar, þjóðvegur nr. 1, frá Jökulsá á Sólheimasandi að Vík í Mýrdalshreppi:

1. gr.

Vegagerðin mun setja upp nýjar girðingar á vegarkafla Hringvegar frá Vík í Mýrdal að sýslumörkum við Jökulsá, í samræmi við reglugerð um vörslu búfjár nr. 59 2000, innan marka Mýrdalshrepps, þar sem talin er þörf á að girða, og er áætlað að það séu um 20 km. Áætluð verklok eru 15. september 2002.

2. gr.

Vegagerðin mun taka við viðhaldi girðinga og annarra vörslumannvirkja með Hringvegi innan áðurgreindra marka eigi síðar en 15.09. 2002, enda séu þær girðingar í viðhaldsbæru ástandi.

Fulltrúi Vegagerðarinnar og Mýrdalshrepps skulu eigi síðar en 01.11. 2001 hafa lokið mati á því hvaða girðingar meðfram Hringvegi teljist í viðhaldsbæru ástandi skv. 1. mgr. og skal viðkomandi landeiganda tilkynnt um niðurstöðu og um yfirtöku Vegagerðarinnar á viðhaldi girðinganna.

Þegar árlegu viðhaldi girðinga er lokið, sem skal vera eigi síðar en 15.06. ár hvert, skal fulltrúi Vegagerðarinnar boða fulltrúa sveitarfélags til úttekta á viðhaldi girðinga skv. þessari grein.

3. gr.

Mýrdalshreppur mun, samkvæmt heimild í 5. gr laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46 1991, með síðari breytingum og að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, samanber 3. gr. sömu laga, banna lausagöngu búfjár á vegsvæði Hringvegar eigi síðar en 15. september 2002, enda hafi girðingar, skv. 1. gr., verið reistar og viðhald girðinga og annarra vörslumannvirkja yfirtekið, skv. 2. gr.


Mýrdalshreppur mun fela starfsmanni hreppsins að hafa eftirlit með og fjarlægja búfé af vegsvæði Hringvegar í samvinnu við Vegagerðina. Hreppurinn mun kynna samkomulag þetta fyrir bændum í hreppnum og hvetja til þess að menn kappkosti að gæta þess að búfé komist ekki inn á vegsvæðið.

4. gr.


Verði banni við lausagöngu á umræddu vegsvæði Hringvegar aflétt af Mýrdalshreppi mun hreppurinn endurgreiða Vegagerðinni andvirði girðinga, sem settar voru upp samkvæmt 1. gr. Ennfremur mun Vegagerðin hætta viðhaldi girðinga meðfram veginum og mun Vegagerðin sjá um að tilkynna landeigendum um það.

Vík í Mýrdal, 10. september 2001

F.h. Vegagerðarinnar


umdæmisstjóri

F.h. Mýrdalshrepps


sveitarstjóri